

Aðalfundur Öldrunarfræðafélags Íslands 2022

Haldinn í húsnæði Parkinsonsamtakanna, 20. apríl 2022 kl. 16.30 – 18.00

Mættir voru 10 félagsmenn auk fundarstjóra og styrkhafa.

Sirry Sif Sigurlaugardóttir bauð fundargesti velkomna og stýrði fyrsta lið dagskrár.

Afhending styrks úr Vísindasjóði Öldrunarfræðafélags Íslands.

Þessi fyrsti liður í dagskrá var færður framfyrir formlega setningu aðalfundar þar sem styrkhafi var tímabundinn. Ingibjörg Hjaltadóttir, formaður Vísindasjóðs ÖLD, afhenti styrkinn.

Árið 2022 voru veittar 300.000 kr.- úr vísindasjóði til vísindarannsókna. Tvær umsóknir bárust í sjóðinn og var önnur þeirra valin til að fá styrkinn; Stefanía Sif Traustadóttir meistaranemi við Háskólann á Akureyri. Heiti rannsóknarinnar er: „Þarfir óformlegra umönnunaraðila aldraða einstaklinga með heilabilun sem búa heima“ Leiðbeinendur hennar eru Dr. Kristín Þórarinsdóttir og Olga Ásrún Stefánsdóttir, aðjúnt.

Stefanía hélt stutt erindi um rannsókn sína og þakkaði fyrir mikilvægan stuðning ÖLD sem mun nýtast í ritun viðtala og ferðalög vegna rannsóknar.

Stjórn Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands skipa:

Ingibjörg Hjaltadóttir formaður Vísindasjóðs, PhD, Sérfræðingur í öldrunarhjúkun á meðferðarsviði Landspítala og prófessor við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

Ólöf Guðný Geirsdóttir, PhD, næringarfræðingur og dósent hjá Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands
Guðrún Björk Reykdal, MA, félagsráðgjafi og staðgengill framkvæmdastjóra gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar í Félagsmálaráðuneyti

Að lokinn afhendingu styrks var aðalfundur settur.

Sirry setur fundinn og tilnefnir Ernu Guðmundsdóttur fundarstjóra og Margréti Guðnadóttur ritara sem samþykkt er af fundar.

Fundarstjórinn, Erna, er framkvæmdastjóri Parkinsonsamtakanna. Í upphafi fundar er kynning á starfsemi samtakanna og nýju húsnæði sem gefur kost á aukinni samvinnu við fjölbreytta flóru sjálfstætt starfandi meðferðaraðila. Síðan tóku við almenn aðalfundarstörf.

Aðalfundarefni:

Fundarstjóri tilkynnir fundinn löglegan með tilliti til boðunar og þáttöku.

1. Skýrsla stjórnar

Sirry Sif Sigurlaugardóttir fer yfir skýrslu ársins 2021-2022, stjórnarmeðlimi og störf félagsins. Sjá afrit skýrslu í fylgiskjali 1.

Sirry nefnir sérstaklega að hingað til hafi varamenn í stjórn verið lítið nýttir og telur ekki þörf á að sóst verði stíft eftir varamönnum.

Að jöfnu er aðalfundur ÖLD haldinn í mars er haldinn seinna vegna covidastæðna nú og í fyrra. Stjórnin hefur ekki verið staðið fyrir viðburðum þetta árið. Ákveðið var að bíða með stór útgjöld þar til uppgjör NGF lægi fyrir.

Skípti eru gerð á stjórnarmönnum á fundinum. Laufey Jónsdóttir, meðstjórnandi og Ragnheiður Kristjánsdóttir, gjaldkeri, ganga úr stjórn og eru þeim þökkueð góð störf.

2. Skýrsla vísindasjóðs – Ingibjörg Hjaltadóttir, formaður vísindasjóðsins flytur skýrsluna. Sjá afrit í fylgiskjali 2.

Sömu einstaklingar hafa verið í stjórn síðustu 10 ár. Ingibjörg formaður gengur nú úr stjórn vísindasjóðsins.

Undirbúningur NGF ráðstefnu var flókinn og í raun tvöfaldur vegna covid seinkunnar, mikið álag á var á vísindanefnd við lestur og mat á innsendum ágrípum.

Skýrsla vísindasjóðs samþykkt af fundarmönnum.

3. Reikningar félags – Ragnheiður Kristjánsdóttir, gjaldkeri ÖLD geri grein fyrir uppgjöri reikninga. Sjá afrit ársreiknings í fylgiskjali 3.

Rekstrartekjur félagsins urðu 534.588kr á árinu og rekstrargjöld 524.232kr. Hagnaður ársins var því kr. 10.356. Efnahagsreikningur félagsins sýnir eigið fé kr. 13.143.229.

Gjaldkeri ræðir að skynsamlegt sé að sameina tvo reikninga félagsins í einn til að einfalda utanumhald reikninga. Ekki hafi verið gengið á vísindasjóð að venju en nú hafi þess verið þörf vegna lítillar innkomu. Kostnaður v. NGF ráðstefnu var mikill og því er staða félagsins tæpari en ella

Helsta innkoma félagsins er í með árgjöldum, 150 einstaklingar greiða árgjald en einhverjir greiddu ekki gjaldið fyrr en í janúar á þessu ári og munu því reiknast á næsta ár. Greiðsluseðlar vegna árgjalda er mikill, og gjaldkeri leggur því til að íhuguð verði hækkun á árgjaldi sem því nemur. Stjórnin mun ræða það í framhaldinu.

Gjaldkeri ræðir gjald sem Öld greiðir vegna félagskostnaðar til Öldrunarráðs. Hún veltir upp þeirri spurningu hvort ÖLD eigi að vera skráð sem félagsmaður Öldrunarráðs. Ákveðið að stjórn ÖLD ræði það áfram í framhaldinu.

Reikningar hafa þegar verið bornir upp við skoðunarmenn reikninga stjórnar og samþykktir.

Skýrsla gjaldkera samþykkt af fundarmönnum.

4. Kosning í stjórnir – Sirrý Sif formaður stjórnar gerir grein fyrir breytingu á setu stjórnarmanna og kosningu bæði í stjórn ÖLD, ásamt fulltrúum í stjórn vísindasjóðs ÖLD og skoðunarmenn reikninga stjórnar ÖLD.

Stjórn Öldrunarfræðafélags Íslands

Laufey Jónsdóttir, meðstjórnandi og Ragnheiður Kristjánsdóttir, gjaldkeri, ganga úr stjórn. Í þeirra stað hafa boðið sig fram til stjórnar Berglind Blöndal, næringarfræðingur og Guðfinna Björnsdóttir, sjúkraþjálfari, gefa kost á sér til stjórnarsetu. Þær eru hvorugar staddar á aðalfundinum en eru

einróma samþykktar af fundarmönnum. Stjórnin biður um heimilid frá fundarmönnum í framhaldinu til að velja í starf gjaldkera stjórnar. Það er samþykkt.

Stjórn ÖLD 2022-2023

Nafn	Hlutverk	kt.
Sirry Sif Sigurlaugardóttir	Formaður	230386-2859
Sunna Kristinsdóttir	Varaformaður	090581-4069
Berglind Soffía Blöndal	Gjaldkeri	140577-3169
Margrét Guðnadóttir	Ritari	060776-4079
Guðfinna Björnsdóttir	Meðstjórnandi	241264-5729

Vísindasjóður ÖLD

Í stjórn vísindasjóðs ÖLD gefur Guðrún Reykdal kost á sér í áframhaldandi setu í stjórn og samþykkir að taka við sem formaður vísindasjóðs við brottför Ingibjargar Hjaltadóttur úr stjórn. Til viðbótar gefa Vilborg K. Vilmundardóttir og Sigrún Sunna Skúladóttir kost á sér í setu stjórnar vísindasjóðs. Öll framboð samþykkt af fundarmönnum.

Skoðunarmenn reikninga ÖLD

Breyting verður á skipan skoðunarmanna reikninga. Líney Úlfarsdóttir hættir sem skoðunarmaður reikninga og í hennar stað býður sig fram Ragnheiður Kristjánsdóttir, fráfarandi gjaldkeri stjórnar ÖLD. Tilhögun samþykkt af fundarmönnum.

5. Árgjald

Formaður ber upp tillögu um óbreytt árgjald, 2000kr sem er samþykkt af fundarmönnum.

6. Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar lagðar fram

7. Önnur mál

Formaður stjórnar ÖLD þakkar fráfarandi formanni vísindasjóðs fyrir góð störf og er henni færður blómvöndur. Formaður þakkar einnig Ragnheiði fyrir vel unnin störf gjaldkera og í stjórn síðustu ára. Henni er einnig færður blómvöndur í þakkarskyni.

8. Fundi slitið kl. 18.00, fundarstjóra þökkuð góð stjórnun.

Ritun fundargerðar í höndum ritara ÖLD, Margrétar Guðnadóttur.

Fylgiskjal 1. Skýrsla formanns ÖLD



Skýrsla stjórnar Öldrunarfræðafélags Íslands starfsárið 2021 – 2022

Í stjórn ÖLD á starfsárinu sátu:

- Sirrý Sif Sigurlaugardóttir, félagsráðgjafi MA hjá Sveitarfélaginu Skagafirði og aðjúnkt við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, formaður stjórnar.
- Laufey Jónsdóttir, þroskaþjálfari og verkefnastjóri heimaþjónustu hjá Akraneskaupstað, varaformaður stjórnar.
- Ragnheiður Kristjánsdóttir, sjúkraþjálfari og sérfræðingur á réttindasviði heilbrigðisþjónustudeildar Sjúkratrygginga Íslands, gjaldkeri stjórnar.
- Margrét Guðnadóttir, hjúkrunarfræðingur á velferðarsviði Reykjavíkurborgar og verkefnastjóri SELMA - heimaþjónustu, doktorsnemi í hjúkrunarfræði við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, ritari stjórnar
- Sunna Kristinsdóttir, iðjuþjálfari hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og heimahjúkrun HH, meðstjórnandi

Stjórn fundaði reglulega á starfsárinu en ákveðið var að halda enga formlega viðburði. Styrkur var veittur úr vísindasjóði á síðasta aðalfundi eins og vant er. Sjá skýrslu vísindasjóðs. Mikið framboð var af ýmskonar rafrænni fræðslu á starfsárinu og því lögð meiri áhersla á að miðla upplýsingum en að standa fyrir málþingum eða fræðslufundum. Ákvörðunin var líka tilkomin vegna stöðu félagsins eftir NKG ráðstefnuna sem haldin var rafrænt í júní 2021. Vegna covid mátti litlu muna að félögin kæmu fjárhagslega illa út úr því að halda ráðstefnuna. Ráðstefnan var haldin í samvinnu ÖLD, Félags íslenskra Öldrunarlækna og stjórnar NGF, Nordisk Gerontologisk Förening. Að loknu uppgjöri fékk ÖLD 300.000 kr.- í sinn hlut. Sem er mun minna en í fyrri skipti sem ráðstefnan hefur verið haldin hér á landi.

Öldrunarfræðafélag Íslands er aðili að Norræna öldrunarfræðafélaginu (The Nordic Gerontological Federation [NGF]). NGF eru regnhlífasmök fyrir öldrunarfræðafélög og félög öldrunarlækna á Norðurlöndunum. Í NGF sitja fulltrúar félaganna frá Íslandi, Danmörku, Noregi, Finnlandi og Svíþjóð. Félagið var stofnað árið 1974 og hefur síðan þá staðið fyrir ráðstefnum annað hvert ár um nýjustu þekkingu og rannsóknarniðurstöður í öldrunarfræðum.

Stjórn ÖLD sendi inn umsagnir um nokkur lagafrumvörp á árinu. Má þar meðal annars nefna; umsögn um frumvarp til laga um almannatryggingar (skerðing á lífeyri vegna búsetu)

71. Mál. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnám 70

ára aldurstakmörkunar í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, 160. mál.

ÖLD hefur lengi verið í samstarfi við Endurmenntun Háskóla Íslands og fá félagsmenn afslátt af tveim námskeiðum að eigin vali á hverju ári. Stjórn ÖLD hefur hug á að auka samstarfið við EHI til að miðla nýjustu rannsóknum og þekkingu í öldrunarfræðum bæði innanlands og erlendis. Það samstarf mun halda áfram og eru spennandi tímar framundan á nýju starfsári.

Fyrir hönd stjórnar ÖLD


Sírý Sif Sigurlaugardóttir, formaður

Fylgiskjal 2. Skýrsla vísindasjóðs

Skýrsla Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands fyrir árið 2021 og til mars 2022

Í stjórn Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands eru:

- Ólöf Guðný Geirsdóttir, PhD, næringarfræðingur og dósent hjá Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands
- Guðrún Björk Reykdal, MA, félagsráðgjafi og staðgengill framkvæmdastjóra gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar í Félagsmálaráðuneyti
- Ingibjörg Hjaltadóttir formaður Vísindasjóðs, PhD, Sérfræðingur í öldrunarhjúkun á meðferðarsviði Landspítala og prófessor við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands.

Árið 2021 voru veittar 300.000 kr. úr vísindasjóði til vísindarannsókna. Ein umsóknir barst í sjóðinn og var hún mjög vönduð og hlaut styrkinn. .

Styrkþegi 2021 var:

Berglind Soffía Blöndal doktorsnemi við Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands. Heiti rannsóknarinnar var: „Næringarmeðferð aldraðra einstaklinga eftir útskrift af Landspítala“ Leiðbeinendur hennar eru Dr. Alfons Ramel og Dr. Ólöf Guðný Geirsdóttir.

Árið 2022 verða veittar 300.000 kr. úr vísindasjóði til vísindarannsókna. Tvær umsóknir bárust í sjóðinn og var önnur þeirra valin til að fá styrkinn.

Styrkþegi 2022 er:

Stefanía Sif Traustadóttir meistaranemi við Háskólann á Akureyri. Heiti rannsóknarinnar er: „Þarfir óformlegra umönnunaraðila aldraða einstaklinga með heilabilun sem búa heima“ Leiðbeinendur hennar eru Dr. Kristín Þórarinsdóttir og Olga Ásrún Stefánsdóttir, aðjúnkt.

25th NCG. Á árunum 2019 til 2021 fór mikill tími vísindanefndar í að undirbúa öldrunarráðstefnuna „25th Nordic Congress of Gerontology“ sem haldin vara rafrænt í júní 2021 í Reykjavík. Upprunarlega átti ráðstefnan að vera í júní 2020 en vegna Covid-19 vara henni frestað um eitt ár og haldin rafrænt.

Þeir sem unnu ásamt vísindanefndinni að yfirllestri ágripa og skipulagningar dagskrár voru neðangreindir fagaðilar og eru þeim færðar þakkir fyrir þeirra góða starf.

Dr. Sigurveig Sigurðardóttir, Félagsráðgjafadeild, Háskóla Íslands
Björg Þóraðardóttir, iðjuþjálfari, Háskólanum á Akureyri
Dr. Alfons Ramel, Matvæla- og næringarfræðideild Háskóla Íslands
Dr. Bergþóra Badursdóttir, sjúkraþjálfari, Landspítala
Adalsteinn Gudmundsson, öldrunarlæknir, Landspítala
Dr. Gudlaug Thorsdóttir, öldrunarlæknir, Landspítala
Baldur Ingvarsson, öldrunarlæknir, Landspítala

Álftanesi 18. mars 2022

Fyrir hönd Vísindasjóðs Öldrunarfræðafélags Íslands
Ingibjörg Hjaltadóttir, formaður Vísindasjóðs ÖLD

Fylgiskjal 3. Afrit af ársreikningi gjaldkera ÖLD

Ársreikningar Öldrunarfræðafélags Íslands 2021
kt 590281-0349

Eignir

Rískisskuldabréf (Vísindasjóður)	11.987.377
Vild-Fyrir 0513-26-009057	1.141.816
Aðalreikningur 0513-14-101959	14.036
	<hr/>
	13.143.229

Tekjur

Árgjöld er 117x 2150	251.550
Vextir	400
Ráðstefnu hagnaður	282.638
	<hr/>
	534.588

Kostnaður

Fjármagnstekjuskattur	50
Fjármagskostnaður	28.339
Heimasíða	34.092
Internet	6.413
Streymi	22.236
Styrkur	300.000
Aðalfundur	67.470
Árgjöld NFG	45.782
Öldrunarráð	19.850
	<hr/>
	524.232

20/4/22 Höfum yfirfarið ummi-
slóður & átti meiot athugasemir.
Pálur Þorsteinsson
Þing Vífarsdóttir